



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 18. september 2020
2009663SA KB/bg
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019 – Mál. nr. 185/2020


Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 10. september sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreind drög að frumvarpi. Með frumvarpinu er lagt til að lagastoð verði sett undir útgáfu kerfiskennitalna fyrir andvana fædd börn sem fædd eru eftir 22. viku meðgöngu og einnig er gildistöku tiltekinna ákvæða frestað.

Sambandið gerir ekki athugasemd við umræddar tillögur en leggur til, í ljósi þess að verið er að sníða vankanta af nýjum lögum um skráningu einstaklinga, að einnig verði unnið að því að breyta annað hvort lögum eða verklagi til að leysa eftirfarandi vandamál sem hafa komið upp tengd skráningu einstaklinga:

1. Samkvæmt 5. mgr. 9. gr. getur Þjóðskrá Íslands gert samkomulag við aðra opinbera aðila um að annast móttök umsókna og gagna vegna skráningar í þjóðskrá. Hefur Þjóðskrá Íslands gert samning við lögregluembættin og þurfa nú útlendingar sem flytja til Íslands að mæta á lögreglustöð og sanna á sér deili til að skráningu verði lokið. Fyrir lagabreytinguna var hægt að ganga frá skráningu á skrifstofu sveitarfélaga. Komið hefur í ljós að framkvæmd lögreglu er misjöfn eftir landssvæðum og í dreifðum byggðum þurfa erlendis ríkisborgarar að ferðast langan veg til að sanna á sér deili á lögreglustöð meðan önnur lögregluembætti leggja sig fram um að veita slíka þjónustu í sem flestum byggðakjörnum. Sambandið telur mikilvægt að annað hvort í lagatexta eða með öðrum leiðum verði tryggt að þeim aðili er Þjóðskrá Íslands semur við til að veita umrædda þjónustu beri skylda til þess að tryggja nærþjónustu í sem flestum byggðakjörnum í stað þess að þjónustuþegar þurfi að ferðast langan veg til að ljúka skráningu sem oftast tekur örskamman tíma.
2. Sveitarfélög hafa markvisst verið að vinna að því að veita betri þjónustu til erlendra íbúa er flytja til landsins. Reynslan hefur sýnt að þeir aðilar hafa ekki þekkingu á þeim réttindum er þeim stendur til boða í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Sambandið hvetur því til þess að sett sé lagaheimild fyrir Þjóðskrá Íslands til að miðla til sveitarfélaga upplýsingum um nýja erlenda íbúa svo hægt sé að tryggja þeim mikilvægar upplýsingar um réttindi þeirra til þjónustu í sveitarfélaginu. Á grundvelli persónuverndarlaga er æskilegt að það sé skýr

lagaheimild fyrir miðluninni og að sveitarfélög geti notað upplýsingarnar í þessum tilgangi.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Karl Björnsson', written over a horizontal line.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri